



**248. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 10. nóvember 2016 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Gunnar Bragason gjaldkeri, Garðar Svansson, Örn Andrésson, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll boðuðu: Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Sigríður Jónsdóttir ritari, Gunnlaugur Júlíusson, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður og Jón Finnbogason 3. varamaður.**

**Þetta gerðist:**

Forseti sett fundi og stjórnaði honum.

**1. Ólympísk málefni**

Örn Andrésson fór yfir stöðu ólympískra verkefna.

Skráning hefur verið send fyrir Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Erzurum í Tyrklandi 2017. Fylgst er náið með stöðu mála varðandi almennt öryggi ferðamanna í Tyrklandi.

Gunnar Bragason skýrði frá fundi embættismanna og Andra Stefánssonar sviðsstjóra Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí þar sem farið var yfir áætlaðan kostnað vegna þeirra verkefna sem framundan eru. Ljóst er að verkefnin verða kostnaðarsöm, ekki síst þátttaka í Smáþjóðaleikunum í San Marínó.

Tillaga borin upp um 50/50 skiptingu milli sérsambanda og ÍSí á kostnaði hvers þátttakanda í Smáþjóðaleikunum, miðað við að kostnaður pr. þátttakanda verði 145 þúsund krónur.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Afreks- og Ólympíusvið ÍSí mun kynna kostnaðarskiptinguna á næsta fundi með viðkomandi sérsamböndum.

**2. Fagsvið ÍSí**

Hafsteinn Pálsson formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSí fór yfir helstu verkefni sviðsins. Ákveðið hefur verið að Kvennahlaup ÍSí fari fram 18. júní 2017.

Ingi Þór Ágústsson úr fagraði Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí skýrði frá helstu verkefnum sviðsins. Verið er að undirbúa að halda ráðstefnu um verkefni ÍSí og UMFÍ, Sýnum karakter, á Akureyri á næstu vikum.

**3. Erindi FSÍ**

Tekið fyrir erindi frá Fimleikasambandi Íslands þar sem óskað er eftir endurskoðun á úthlutunum til sambandsins úr Afrekssjóði ÍSí. Vísað til Afrekssjóðs ÍSí til skoðunar.

Tekið fyrir erindi Fimleikasambands Íslands þar sem óskað er eftir því að framkvæmdastjórn ÍSí rökstyðji aðferð sína við útreikning á úthlutun lottófjár til sérsambanda ÍSí fyrir árið 2017. Einnig er óskað efir því að úthlutun lottógreiðslna verði sett á dagskrá næsta Formannafundar ÍSí.

Gunnar Bragason skýrði frá því að hann og framkvæmdastjóri ÍSÍ muni funda með Fimleikasambandi Íslands á næstunni vegna málsins.

Dagskrá Formannafundar, sem haldinn verður á morgun, hefur verið send út.

#### **4. Formannafundur ÍSÍ**

Formannafundur ÍSÍ hefst á morgun kl. 15:30 í Laugardalshöll. Framkvæmdastjóri fór yfir dagskrá fundarins.

Óformlegur fundur íþróttahéraða verður haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal kl. 13:00 á morgun.

#### **5. Endurskoðun á skipulagsskrá Afrekskvennasjóðs Íslandsbanka og ÍSÍ**

Lögð fram tillaga að breyttri skipulagsskrá Afrekskvennasjóðs Íslandsbanka og ÍSÍ. Hér eftir mun sjóðurinn heita Styrktarsjóður Íslandsbanka og ÍSÍ – fyrir ungt og efnilegt íþróttafólk. Markmið sjóðsins verður að styðja verkefni ungs íþróttafólks, á aldrinum 15-20 ára, hvort heldur úr einstaklings- eða hópíþróttum, sem auka líkur til þess að þau nái því markmiði að verða framtíðarafreksfólk Íslands.

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### **6. Heimsókn forseta ÍSÍ til ÍBR og ÍBH**

Forseti skýrði frá fundi með fulltrúum ÍBR og ÍTR 25. október sl. Fengu fulltrúar ÍSÍ góða kynningu á starfi ÍBR og aðkomu ÍTR að íþróttamálum í borginni. Stefnt er að því að skoða íþróttamannvirki í Reykjavík þegar tækifæri gefst.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar var svo heimsótt 1. nóvember sl. Forseti og aðrir fulltrúar ÍSÍ hittu fulltrúa frá flestum félögum innan ÍBH og skoðuðu nokkur íþróttamannvirki í bænum.

Stefnt er að fleiri heimsóknum í íþróttahéruð á næstu vikum og mánuðum.

#### **7. Heiðranir**

Engar tillögur að heiðrunum lágu fyrir fundinum.

#### **8. Fundargerðir**

Fundargerðir frá eftirtöldum fundum voru lagðar fyrir og staðfestar:

- 247. fundur framkvæmdastjórnar
- 20. og 21. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 7.11.2016 .

**Samþykkt samhljóða að tilnefna Írisi Berg Bryde sem sendiherra Íslands í verkefnið Ambassador Project á EYOWF í Erzurum í Tyrklandi.**

**Samþykkt samhljóða að tilnefna Kristínu Helgu Hafþórsdóttur sem dómara í listskautum á Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar.** Hver þátttökubjóð sem á keppenda á listskautum þarf að tilnefna dómara á leikunum en svo verður dregið um það hvaða dómara verða valdir til þátttöku á leikunum.

- Fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 13.10.2016
- Fundur Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ frá 31.10.2016
- Fundur Afrekssjóðs frá 31.10.2016

#### **9. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

## **10. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ**

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn 8. desember nk.

## **11. Önnur mál**

Forseti minntist Reynis Ragnarssonar Heiðursfélaga ÍSÍ sem lést 22. október sl. á 69. aldursári og hans góða og mikla starfs fyrir íþróttahreyfinguna.

Reynir átti sæti í Heiðursráði ÍSÍ þetta kjörtímabil ásamt því að vera formaður Kjörnefndar ÍSÍ.

### *Íþróttamaður ársins 2016*

Framkvæmdastjóri kynnti breytingu á dagsetningu hófs um Íþróttamann ársins 2016. Hófið verður haldið 29. desember nk. í Tónleikahúsinu Hörpu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.